



Fundargerð

408. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 11. maí 2017. Þetta er 5. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskrað af Söndru Brá Jóhannsdóttur, sveitarstjóra og er 6 blaðsíður Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir, oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Heidi Guðný Ásgeirsdóttir Z-lista og Sverrir Gíslason Ó-lista boða forföll. Í stað Heidi er mætt Jóna Björk Jónsdóttir 1. varamaður Z-lista, ekki náðist í varamann fyrir Sverrir.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá

Viðbót við dagskrá:

I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu

12. 1603044 Málafni Fjaðrárgljúfurs

II. Fundargerðir til samþykktar

2. 1604047 Fundargerð 25. fundar stjórnar FSRVS.09.05.2017

IV. Annað kynningarefni

8. Fundargerð Aðalfundar FSRVS 2017.09.05.2017

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sameiningarnefnd fundaði á Höfn 10. apríl sl. þar sem farið var yfir möguleg áhrif sameiningar á málaflokka sveitarfélagsins Hornafjarðar, Djúfavogshrepps og Skaftárhrepps. Sveitarstjórar sveitarfélaganna þriggja eiga fund 12. maí nk. með Innanríkisráðherra til að ræða áherslur í uppbyggingu innviða ef til sameiningar kemur. Sveitarstjóri og formaður umhverfisnefndar áttu fund með íslenska gámafélaginu í lok apríl þar sem farið var yfir ýmis atriði varðandi þjónustuna, umgengi, umhirðu og hugmyndir um bætt flokkun ásamt fleiru. Stefnt er að því að gámasvæðið verði fullbúið með haustinu og þyrfti að nýta formlega opnun þess í kynningarmál vegna flokkunar ofl. Komin eru drög að teikningum vegna kennslueldhúss og salerna í skólahúsnæði sem verið er að fara yfir. Sveitarstjóri og forstöðumaður Kirkjubæjarstofu áttu fund vegna hugmynda um nýtingu skólahúsnæðis og munum við hitta fulltrúa Erróseturs á næstu dögum. Auglýst hefur verið eftir félagasamtökum til að sjá um fegrun umhverfis í Skaftárhreppi í sumar og er umsóknarfrestur til 25. maí nk. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefndi sveitarstjóra sem sinn fulltrúa í starfshóp um raforkuflutning í dreifbýli (þriggja fasa rafmagn). Starfshópnum er ætlað að greina möguleika og gera tillögur um uppfærslur á raforkuflutningskerfi í dreifbýli með áherslu á þrífösun rafmagns. Ráðgert er að starfshópurinn skili skýrslu og tillögum til úrbóta fyrir 1. mars 2018.

Dagskrá

I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1612012 Ársreikningur Skaftárhrepps 2016 – síðari umræða
Ársreikningur 2016 var til fyrri umræðu þann 5. apríl sl. undirritaður af sveitarstjóra. Í A-hluta rekstrarreiknings voru heildartekjur 468 millj.kr sem skiptast í skatttekjur 288 millj.kr, framlög



jöfnunarsjóðs 110 millj.kr og aðrar tekjur 70 millj.kr. Rekstrargjöld voru 385 millj.kr og afskriftir 13,1 millj.kr. Fjármagnsgjöld voru 5,2 millj.kr og rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 65 millj.kr. Heildartekjur samstæðu voru 482 millj.kr og rekstrargjöld 389 millj.kr, afskriftir 15 millj. rekstrarniðurstaða samstæðu var jákvæð um 69 millj.kr.

Eignir samstæðu voru samtals 645 millj.kr þar af handbært fé 150 millj.kr. Eigið fé samstæðu nam 360 millj.kr og skuldir og skuldbindingar 251,3 millj.kr. Veltufé frá rekstri samstæðu var 32,2 millj.kr og afborganir langtímalána 17,2 millj.kr. Engin ný lán voru tekin á tímabilinu.

Sveitarstjórn þakkar stjórnendum og starfsfólki sveitarfélagsins fyrir þeirra framlag við rekstur sveitarfélagsins sem hefur skilað sér í góðri rekstrarniðurstöðu ársins 2016. Sveitarstjórn fagnar góðri fjárhagslegri afkomu sveitarfélagsins sem gerir sveitarstjórn kleift að ráðast í tímabært viðhald og bættu ásýnd sveitarfélagsins. Ýmis verkefni liggja fyrir og gleðilegt að hægt verði að ráðast í þá vinnu með áhyrgum hætti. Sveitarstjórn samþykkir ársreikning 2016 og staðfestir hann með undirritun sinni.

2. 1705007 Tilnefning fulltrúa Skaftárhrepps vegna úttektar ríkisjarða í Meðallandi í Skaftárhreppi

Fyrir fundinum liggja drög að verklýsingu að úttekt á stöðu ríkisjarða í Meðallandi í Skaftárhreppi frá Fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Ráðuneytið óskar eftir því að sveitarfélagið tilnefni einn aðila til að koma að gerð úttektarinnar. Sveitarstjórn telur mikilvægt að unnið verði með ríkisjarðir í sveitarfélaginu öllu og bindur vonir við að vinnan flýti fyrir bættri nýtingu bújarða í eigu ríkisins. Skaftárhreppur tilnefnir Eirnýju Valsdóttur, verkefnisstjóra Skaftárhrepps til framtíðar í verkefnið.

3. 1606015 Lagning ljósleiðara í Skaftárhreppi

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að undirbúningi að lagningu ljósleiðar frá Kirkjubæjarklaustri að Lómagnúp í samstarfi við Orkufljarskipti og leita eftir samlegðaráhrifum við RARIK við lagningu á þriggja fasa rafmagni sem kunna að vera á þessari leið.

4. 1705008 Reglur um greiðslu lögmannskostnaðar í barnaverndarmálum Sveitarstjórn staðfestir reglurnar.

5. 1705009 Umsókn um styrk til áframhaldandi fornleifaskráningar í Skaftártungu. Elin Ósk Hreiðarsdóttir. dags. 03.05.2017

Sveitarstjórn samþykkir að veita styrk að upphæð 250 þús til áframhaldandi fornleifaskráningar í Skaftártungu. Sveitarstjórn hefur ekki tók á að styðja við verkefnið með húsnæði að þessu sinni. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka vegna málsins.

6. 1610010 Viðauki 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2017

Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu að viðauka 2 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps vegna 2017;

Útgjöld vegna menningarmála verði aukin um 250 þúsund vegna styrks til fornleifaskráningar í Skaftártungu
Áætlað verði 12 millj.kr til viðbótar í fjárfestingu til að malbika gámasvæði.

Rekstrargjöld A-hluta aukast um 250 þús. Fjárfesting hækkar um 12 millj.kr.

Nettó áhrif viðauka er 12.250 þús.kr. útgjaldaauki sem er mætt með lækkun á handbæru fé.

Sveitarstjórn samþykkir viðaukann.



7. 1705010 Úthlutun leiguhúsnaðis í eigu Skaftárhrepps

Engar úthlutunarreglur eru til staðar vegna leigu á húsnæði sveitarfélagsins að undanskildum þeim reglum sem eru um úthlutun félagslegs leiguhúsnaðis. Sveitarstjórn samþykkir að fela atvinnumálanefnd að koma með tillögu að reglum til sveitarstjórnar um úthlutun leiguhúsnaðis í eigu Skaftárhrepps.

8. 1611016 Gjald vegna eldri borgara og öryrkja í íþróttamiðstöð og sundlaug á Kirkjubæjarklaustri.

Sveitarstjórn felur æskulýðs- og íþróttanefnd að fjalla um málið og koma með tillögu til sveitarstjórnar fyrir gerð fjárhagsáætlunar vegna 2018.

9. 1705011 Akstursíþróttakeppni 27. maí 2017. Beiðni frá Vélhjólaiþróttaklúbbum. dags. 20.04.2017

Sveitarstjórn veitir Vélhjólaiþróttaklúbbum leyfi fyrir sitt leyti til að halda akstursíþróttakeppni 27. maí n.k., að því gefnu að önnur nauðsynleg leyfi liggja fyrir.

10. 1705012 Niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Veiðifélags Grenlækjar og Geila ehf. gegn íslenska ríkinu og Skaftárhreppi. dags. 11.04.2017

Eva Björk Harðardóttir lýsir yfir vanhæfi og viku af fundi og felur sveitarstjóra fundarstjórn.

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði þann 11. apríl sl. íslenska ríkið og Skaftárhrepp af kröfum Veiðifélags Grenlækjar og Geila ehf. Telur héraðsdómur ekki hafa verið færðar sönnur á neikvæð áhrif mannvirkja við Árkvísar á rennsli Grenlækjar á þann veg sem stefnendur byggja á. Hver aðili mun bera sinn kostnað af rekstri málsins. Sveitarstjórn bindur vonir við að í ljósi þess að niðurstaða héraðsdóms liggur fyrir verði hægt að finna málinu viðeigandi framtíðarlausn sem sátt næst um.

Eva Björk kemur aftur til fundarins og tekur við stjórn hans.

11. 1705014 Fundarboð á aðalfund Landskerfis bókasafna hf. 24. maí 2017. dags. 02.05.2017

Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til þátttöku á aðalfundi Landskerfis bókasafna hf.

12. 1603044 Málefni Fjaðrárgljúfurs

Fyrir fundinum liggur tillaga formanns umhverfis- og náttúrverndarnefndar að erindi til Umhverfissráðherra um að ríkið nýti forkaupsrétt sinn skv. 36. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 að jörðinni Heiði sem nú er til sölu þar sem Fjaðrárgljúfur er á náttúruminjaskrá. Mikill ágangur í Fjaðrárgljúfri er í landi Heiðar og hefur sveitarfélagið komið að uppbyggingu til að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna á svæðinu. Svæðið þarfnast mikillar umönnunar á heilsársgrundvelli og því mikilvægt að það komist í umsjón til þess bærra aðila. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og formanni umhverfis- og náttúruverndarnefndar að kanna afstöðu landeigenda til málsins.

EBH, BG, JBJ samþykkja bókunina. JG situr hjá.

II. Fundargerðir til samþykktar

1. 1703012 Fundargerð 127. fundar skipulagsnefndar. 09.05.2017

1. Hótel Tunga sækir um byggingarleyfi málsnr. 1705006

Hótel Tunga kt:410217-1040 sækir um byggingarleyfi í landi Tungu landnr 221411



Um er að ræða 12 timbursmáhýsi í tveimur stærðum, er þetta fyrsti áfangi af þremur. Húsin eru verksmiðjuframleidd í Lettlandi og sett niður á byggingarstað á steiptan sökkul. Minni húsin eru 27m² og stærri húsin eru 33.8m². Umsóknin er byggð á deiliskipulagi svæðisins sem áður hefur verið samþykkt í nefnd til gildistöku.

Samþykkt með fyrirvara um gildistöku deiliskipulags, nefndin gerir ekki athugasemd við að framkvæmdir hefjist við fyrsta áfanga framkvæmdarinnar. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. Eystri Ásar 163301 - byggingarleyfi málsnr 1704023

Gísli Halldór Magnússon sækir um byggingarleyfi á grundvelli deiliskipulags í vinnslu vegna þriggja smáhýsa á jörð Eystri Ása í Skaftárhreppi samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum. Samkvæmt skriflegu svari frá ríkiseignum til skipulags og byggingarfulltrúa hefur verið veitt leyfi fyrir þremur færanlegum gistihúsum á svæðinu. Þar af er eitt sem er þegar komið í notkun.

Á grundvelli heimildar frá Ríkiseignum varðandi 3 smáhýsi á lóð er mælt til þess að veitt verði leyfi fyrir byggingu tveggja þeirra húsa sem sótt er um. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Jón Garðar ávarpar nefndina og viku af fundi að því loknu.

3. Verkefnastjóri skipulags og byggingarmála í Skaftárhreppi.

Jón Garðar Jónsson var ráðinn tímabundið til að sinna verkefnum vegna skipulags og byggingarmála í Skaftárhreppi samkvæmt bókun sveitarstjórnar frá 12.janúar 2017.

Tímabundnum ráðningartíma líkur í júlí, áframhaldandi ráðning verkefnastjóra rædd í nefnd.

Nefndin mælist til við sveitarstjórn að Jón verði ráðinn áfram sem verkefnastjóri skipulags og byggingarmála.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga frá ráðningarsamningi við Jón Garðar Jónsson um áframhaldandi starf sem verkefnisstjóri skipulags- og byggingarmála.

4. Dalshöfði – Stofnun lóðar málsnr 1705016

Ragnar Jónsson sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi 163315 Dalshöfði. Um er að ræða skilgreiningu lóðar um gistiheimili að Dalshöfða í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt.

Samþykkt með fyrirvara um jákvæða umsögn atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytis vegna útskiptingar lóðar úr landbúnaðarjörð. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að óska endanlegra gagna og ljúka stofnun lóðar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

5. Endanleg útfærsla nýrrar gjaldskráar Skaftárhrepps málsnr 1705004

Óskað er eftir umræðu og samþykkt nefnar á uppfærði gjaldskrá Skaftárhrepps.

Málinu vísað til sveitarstjórnar til staðfestingar

Sveitarstjórn vísar málinu aftur til umræðu skipulagsnefndar og óskar eftir að byggingarleyfisgjöld íbúðarhúsa verði endurskoðuð með tilliti til stærðar.



6. Landgræðsla Ríkisins 710169-3659 – Framkvæmdaleyfi

Sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir uppmokstri úr farvegi Ása-Eldvatns samkvæmt umsókn þess efnis. Efnið sem tekið verður upp mun nýtast til bakkavarna og viðhalds varnargarða í sveitarfélaginu.

Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. Gestastofa byggingarleyfi málsnr 1704023 byggingarleyfi

Vatnajökulspjóðgarður kt: 4410070940 Sækir um byggingarleyfi

Fyrir gestastofu á kirkjubæjarklaustri, byggingin er upplýsingar- og þjónustubygging með skrifstofu- og starfsmannaaðstöðu fyrir vestursvæði. Lagðir eru fram upprættir vegna umsóknar um byggingarleyfi fyrir gestastofnu Vatnajökulspjóðgarðs. Umsókn er í samræmi við gildandi deiliskipulag svæðisins. Málið lagt fram til umsagnar og afgreiðslu skipulagsnefndar.

Nefndin gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir aðgengi fyrir alla á göngustíg á þaki hússins. Kröfu um aðgengi fatlaða er ekki í samræmi við reglugerðir og áherslur

Vatnajökulspjóðgarðs. Skipulags- og byggingarfulltrúa er falið að ljúka málinu og gera athugasemdir við hönnun göngustígs á þak.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

8. Róbert Birgir Gíslason sækir um stöðuleyfi málsnr 1704022

Róbert Birgir Gíslason kt: 170783-4339 sækir um stöðuleyfi í landi Arnardranga 1 Landnr 220597 (er rangt á umsóknarformi) fyrir geymslu og gistigám. Gámurinn er hugsaður sem skammtíma aðstaða vegna viðhalds á íbúðarhúsnæði.

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar

9. Ragnar Jónsson sækir um byggingarleyfi málsnr 1705003

Ragnar Jónsson kt:150248-4509 Sækir um byggingarleyfi í landi Dalshöfða, landnr 163315

Um er að ræða 72m² Forsniðið rammahús frá Byko, húsið er timburhús dregarar undir gólfbita, burðargrind kemur tilsniðin og forboruð fyrir festingar, samsettar sperrur og gólfbitar, þak klætt með járn og timburklæðing á útveggjum.

Samþykkt. Skipulags og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerð í heild sinni.

2. 1604047 Fundargerð 25. fundar stjórnar FSRVS.09.05.2017

3. Starfsmannamál félagsþjónustu.

Tillaga félagsmálastjóra um ráðningu starfsmanns tímabundið í félagslega heimaþjónustu samþykkt.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir afgreiðslu stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.



4. Starfsmannamál skólaþjónustu.

Stjórnin samþykkir fyrir sitt leyti 60% stöðugildisaukningu við Skólaþjónustudeild á grundvelli rökstuðnings Eddu Antonsdóttur. Stjórnin telur ekki þörf á að samþykkja viðauka við fjárhagsáætlun 2017 að svo komnu máli, þar sem ekki hefur tekist að ráða í stöðu talmeinafræðings og því skapast fjárhagslegt svigrúm.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir afgreiðslu stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

III. Fundargerðir til kynningar.

1. 1603022 Fundargerð verkefnisstjórnar Skaftárhrepps til framtíðar. dags. 22.03.2017.

Fundargerð kynnt.

2. 1604031 Fundargerð 43. fundar félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. dags. 19.04.2017. *Fundargerð kynnt.*

3. 1604030 518. fundur stj. SASS. dags. 06.04.2017. *Fundargerð kynnt.*

4. 1604047 Fundargerð 24. fundar FSRVS. dags. 10.04.2017. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni.

1. 1705013 Arðgreiðsla frá Lánasjóði sveitarfélaga. dags. 19.04.2017. *Kynnt.*

2. Ályktun frá Ungmennaráðstefnu UMFÍ á Laugarbakka 5.-7. apríl 2017. *Kynnt.*

3. Bókun skólanefndar Menntaskólans á Laugarvatni. dags. 21.04.2017. *Kynnt.*

4. Upplýsingar um viðbragðsáætlun leikskólastjórnenda á svæði Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu. dags. 16.03.2017. *Kynnt.*

5. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um fjármálaáætlun 2017. dags. 26.04.2017. *Kynnt.*

6. 1604002 Styrkúthlutun úr Minjasjóði í Múlakotsskóla. dags. 04.05.2017. *Kynnt.*

7. Hluthafaskrá og Ársreikningur 2016 Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. *Kynnt.*

8. Fundargerð Aðalfundar FSRVS 2017.09.05.2017. *Kynnt.*

Næsti fundur áætlaður fimmtudaginn 22. júní 2017

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 16:21


Eya Björk Harðardóttir


Jóhannes Gissurarson


Jóna Björk Jónsdóttir


Bjarki Guðnason